

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, Pósthólf 10, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 4.október 2020

Jón Páll Hreinsson
Bolungarvík
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

E.coli í neysluvatni Bolvíkinga-Vatnssuða

Tekið var neysluvatnssýni í Fiskmarkaði Vestfjarða 29. september E.coli mældist. Sýnataka var endurtekin í áhaldahúsinu þann 1. október niðurstaðan var að vatnið stenst ekki kröfur skv. neysluvatnsreglugerð nr 536/2001 úr sýninu ræktast 4. E.coli og 17. coligerlar.

Þegar heilbrigðiseftirlitið tekur sýni af neysluvatni þá er vatnið skoðað með tilliti til svonefndra vísibaktería. Þannig er leitað að saurbakteríum, kólígerlum og saurkólí gerlum en þetta eru bakteríur sem hafa uppruna sinn í þörmum dýra með heitt blóð. Tilvist þeirra segir því til um ferska eða nýlega saurmengun. Við það að finna vísibakteríur í neysluvatni gefur okkur tilefni til að álykta að aðrar og hættumeiri bakteríur gæti verið þar einnig að finna. Sterk tengsl eru milli þess að finna saurkólí í vatni og þess að finna *Campylobakter* sem gefur tilefni til sterkra viðbragða um leið og við finnum saurbakteríur í drykkjarvatni.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, Pósthólf 10, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is



Tilkynning notanda neysluvatns Bolungarvík

Við könnun á neysluvatni þann 1. október 2020 fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. Sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

Virðingarfyllt

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi